

**202. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 10.11. 2010 kl. 13:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.**

Mættir; SBB, SvB, FH, JS, EK, BKr, GB, VLF.

Boðuð forföll: IGG

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Sp.

**2. Inntaka nýrra félaga**

Eftirtaldar umsóknir voru samþykktar

Arnór Arnórsson kt. 260689-2829 Sjúkraflutningamaður

Pórður Guðnason kt. 290682-5849 hlutastarfandi slökkviliðsmaður á Akranesi

6 hlutastarfandi slökkviliðsmenn frá Krikjubæjarklaustri

Sigurjón Fannar Ragnarsson kt. 061280-5109

Svavar Helgi Ólafsson kt. 260786-2539

Sigurður D. Friðriksson kt. 061280-5109

Sigmar Helgason kt. 290557-4889

Pórarinn Bjarnason kt. 221153-3679

Birgir Jónsson kt. 050447-4219

**3. Kjaramál**

Tekið fyrir tölvupóstur frá framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Pósturinn var sendur á BSRB og öll heildarsamtök launþegahreyfingarinnar auk Sambands sveitarfélaga og ríkið. Þar er verið að kalla eftir samráðsfundi 25. nóvember. Í umræðunni hjá BSRB hefur verið bent á að félögin ætli að semja sér og séu sum byrjuð. LSS hefur ítrekað að það ætli að semja sér. Vinna er hafin í nefnd um starfslokamál samkvæmt bókun í kjarasamningi við LN. Jafnframt er verið að vinna í breytingum á texta, beðið er eftir hugmyndum frá LN. Rætt um frítökurétt á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu og á Keflavíkurflugvelli. Akureyrarbær er að reikna út aftur í tímann. Ákveðið að senda ábendingu til launagreiðenda um að uppsafnaður frítökuréttur eigi samkvæmt kjarasamningi að koma fram á launaseðli.

**4. Fundarferð um Vesturland**

**-Borgarnes**

**-Búðardalur**

**-Hvammstangi**

**-Blönduós**

Formaður, framkvæmdastjóri og Jón Sólmundarson stjórnarmaður, fóru í landvinning á vesturland mánudaginn 8. nóvember. Ferðin byrjaði á slökkvistöðinni í Borgarnesi þar sem rætt var við Slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra. Bæjaryfirvöld hafa boðað breytingar á störfum þeirra í sparnaðarskyni. Næst var komið við á slökkvistöðinni í Búðardal, tækjakostur skoðaður og málin rædd við Jóhannes slökkviliðsstjóra.

Þá var farið á fund Byggðaráðs Vestur-Húnavatnssýslu og ítrekuð ósk um gerð kjarasamnings og greiðslu félagsgjalda til LSS. Fundinn sátu einnig sveitarstjóri og skrifstofustjóri A-H. Tekið var hús á slökkviliðsstjóranum og vara-slökkviliðsstjóranum á Hvammstanga.

Um kvöldið var óformlegur fundur með slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra í Austur-Húnavatnssýslu á slökkvistöðinni á Blönduósi. Síðan var félagsfundur með

slökkviliðsmönnunum þar. Farið yfir kjarasamninga og fleira. Menn vildu fá að greiða atkvæði um kjarasamning fyrir hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Rætt var um bakvaktir og sagt að ýmis atriði í kjarasamningnum væru óljós. Umræður um klippivinnu og hver ætti að greiða fyrir slíkt. Jafnframt var farið yfir samskipti LSS og Brunavarna A-Hún.

#### 5. **Eldvarnaátakið**

Átakið er með hefðbundnu sniði og hefst á kynningarfundum í Skógarhlíð 18. nóv, í samvinnu við átak Eldvarnabandalagsins. Síðan fara formaður og framkvæmdastjóri til Akureyrar þann 19. nóv. Þar mun átakið hefjast formlega og reynt að fá fjölmiðla á staðinn. Það stefnir í að átakið verði rekið án halla.

#### 6. **Orlofsmál**

Rætt um möguleika á að kaupa aðra íbúð á Akureyri. Neðri hæðin í Skálatúni 33 á Akureyri er enn óseld og einungis tilbúin undir tréverk. Fasteignasala telur hana vera 14.5 milljóna kr. virði. Áætlaður kostnaður við að klára íbúðina auk stórra heimilistækja er um 5,7 milljónir. Ákveðið að gera formlegt tilboð í neðrihæð í Skálatúni 33 á Akureyri upp á 10 milljónir.

#### 7. **Sjúkraflutningar**

SvB fékk bréf um aðkomu LSS að ferli á kaupum á nýjum sjúkrabifreiðum. Hann hefur verið í samskiptum við þá aðila sem fara með málefni sjúkraflutninga hjá kerfinu og vill að horft sé á heildrænt varðandi skipulag og breytingar á því. Umræður um þörfina á að endurskoða skipulag sjúkraflutninga í landinu. Ráðuneytið þykir starfa hægt í þessum málum. Upplýst var um nýtt hjartastuðtæki frá Inter.

#### 8. **Fulltrúaráðsfundur**

Fundurinn verður í dag kl. 16:00 -18:00 í Skógarhlíð 14. Farið yfir dagskrá fundarins, kjaramál og siðareglur.

#### 9. **Siðareglur**

Á ársþinginu í vor var samþykkt að skipa Siðanefnd sem skyldi fara yfir drög að siðareglum LSS sem lágu fyrir þinginu og bera þau upp til samþykktar á Fulltrúaráðsfundi í haust. Gunnar Leó fulltrúi Siðanefndar fór yfir tillögum frá Siðanefnd. Stjórnin tekur vel í tillögurnar. Verður lagt fyrir Fulltrúaráðsfundinn síðar í dag.

#### 10. **Önnur mál:**

- a) **Skipan** **í** **nefnd**  
Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögu um efni í frumvarp til laga um „vinnustaðanámssjóð“ með það hlutverk að koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana sem annast vinnustaðakennslu nemenda í starfsnámi á framhaldsskólastigi. LSS og LL eru beðin um að skipa varamann í nefndina.
- b) **Frumvarp**  
Frumvarp um brunamál hefur verið lagt fram að nýju. Búið er að senda nýja umsögn. Farið yfir helstu atriði.
- c) **Prekpróf**  
Prekpróf 3 hefur verið í gangi og gengið vel.

**Fundi slitið 15:20**